



Reykjavík, 10. mars 2023

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur o.fl.)

Vísað er til c-liðar 28. gr. þar sem lagt er til að 4. mgr. 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 orðist svo: „Innan hvers skóla skal samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal grunnskóli stuðla að almennu samstarfi við aðra þjónustuveitendur og samstarfi á vettvangi samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna.“ Lagt er til að í 1. másl. verði skammstöfuninni „þ.m.t.“ bætt við á eftir „nemenda“ þannig að 1. másl. orðist svo: „Innan hvers skóla skal samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda, þ.m.t. með stofnun nemendaverndarráðs.“

Rökstuðningur tillögu:

Skólar og sveitarfélög og starfsaðstæður þeirra eru með ólíkum hætti. Mikilvægt er að lögin skapi skólum og sveitarfélögum svigrúm til að skipuleggja starf sín til að mæta ólíkum aðstæðum. Reykjavíkurborg hefur góða reynslu af starfsemi lausnateyma sem fyrsta þrep í stuðningi við kennara og starfsfólk skóla og frístundastarfs til að mæta farsæld barna. Í lausnateymi sitja sérfræðingar skólans, frístundar og borgarmiðstöð. Ef sá stuðningur og ráðgjöf dugar ekki til er málefnum barns vísað til nemendaverndarráðs til frekari meðferðar sem gjarnan felst í ákvörðun hvort leita eigi eftir úrræðum á 2. eða 3. þjónustustigi.

Mikilvægt er að það sé hafið yfir vafa að heimild sé til að stuðla að samræmingu starfa í skóla- og frístundastarfi með þrepaskiptingu en ekki aðeins með stofnun nemendaverndarráðs.

F.h. Reykjavíkurborgar,

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs